

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Setbergs, Glitberg 5.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 3. júní 2008 breytingu á deiliskipulagi fyrir Setberg, Glitberg 5 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að í stað einbýlis- og parhúss á lóð Glitbergs 5 er lóðinni skipt upp í 4 einbýlishúsalóðir, nr. 1, 3, 5 og 5a. Jafnframt er bætt við byggingarreit fyrir bílskúr á lóð nr. 7.

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 26. júní 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.